

# REGLUR UM STYRKI TIL ATVINNUTENGDRÁ VERKEFNA

---

Akraneskaupstaður veitir styrki til atvinnutengdra verkefna með það að markmiði að stuðla að fjölbreytni, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á Akranesi.

## 1. gr.

### *Auglýsing.*

Akraneskaupstaður skal auglýsa a.m.k. einu sinni á ári eftir styrkumsóknum til atvinnutengdra verkefna á Akranesi. Sérstök umsóknareyðublöð eru aðgengileg með rafrænum hætti í íbúagátt Akraneskaupstaðar fyrir umsækjendur.

## 2. gr.

### *Umsókn.*

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja/koma fram með umsókn um styrkveitingu:

- Markmið verkefnis og starfsemi. Skilyrt er að verkefnið hafi tengingu við Akranes.
- Tíma- og verkáætlun ásamt kostnaðaráætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis og gögn því til stuðnings.

Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir.

## 3. gr.

### *Úthlutun styrkja.*

Bæjarráð Akraness fer með úthlutunarvald styrkja. Bæjarstjóri tilnefnir sérstaka úthlutunarnefnd sem skal skila tillögu um úthlutun styrkja til bæjarráðs.

## 4. gr.

### *Áherslur styrkveitingar.*

Við úthlutun styrkja skal taka mið af eftirfarandi áherslum:

- Lýsing verkefnis og viðskiptalegar forsendur.
- Atvinnusköpun og hve fljótt störfin verða til.
- Kostnaðaráætlun og verkþættir, að áætlun sé trúverðug og raunhæf.
- Heildarfjármögnun verkefnisins, að hún sé frágengin og trúverðug.
- Nýnæmi eða nýsköpun.
- Samkeppnissjónarmið.



- Mælikvarðar og framtíðarþróun, að það sé tenging við Akranes.
- Hæfni umsækjenda, reynsla og þekking viðkomandi.

#### 5. gr.

##### *Fjárhæð styrkveitinga.*

Styrkir geta aldrei orðið meira en 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins og skulu umsækjendur sýna fram á að minnsta kosti 50% mótframlag.

Styrkir eru greiddir út eftir framvindu verkefnisins og er það ákveðið hverju sinni hjá úthlutunarnefnd með tilliti til eðli verkefnisins.

#### 6. gr.

##### *Styrktarhæfir þættir.*

Þeir þættir sem teljast styrktarhæfir eru, að öllu jöfnu:

- Vinnuframlag þ.e. launakostnaður umsækjenda.
- Aðföng sem tengjast vinnu verkefnisins.
- Ferða- og fundakostnaður.

Úthlutunarnefnd er heimilt að meta hverju sinni ofangreinda þætti, hvort að þeir teljist styrkhæfir eða ekki með tilliti til verkefnisins.

#### 7. gr.

##### *Ákvörðun bæjarráðs.*

Bæjarráð áskilur sér þann rétt að hafna öllum umsóknum, uppfylli þær ekki kröfur þessara reglna.

Reglurnar öðast þegar gildi.

Samþykkt í bæjarráði 28. júní 2018.

  
Sævar Freyr Þráinsson  
bæjarstjóri

